



Fundur í sveitarstjórn

84. fundur og fyrsti fundur nýkjörinnar sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, fimmtudaginn 14. júní 2018 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson starfsaldursforseti, Þorsteinn Ægir Egilsson, Halldór Rúnar Halldórsson, Mirjam Blekkenhorst, Árni Bragi Njálsson, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Sigríður Friðný Halldórsdóttir og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Starfsaldursforseti setti fundinn, óskaði nýkjörnum sveitarstjórnarmönnum til hamingju með kjörið og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

- 1) Kosning oddvita
- 2) Kosning varaoddvita

Fundargerð

1. Kosning oddvita

Starfsaldursforseti óskaði eftir tillögum um framboðum til oddvita.

Til máls tók Halldór Rúnar Halldórsson og gerði tillögu fyrir hönd L-listans um Þorstein Ægir Egilsson.

Sigríður Friðný Halldórsdóttir gerði tillögu fyrir hönd U-listans um Siggeir Stefánsson.

Atkvæðagreiðsla: Þorsteinn Ægir Egilsson fékk fjögur atkvæði, Mirjam, Halldórs, Árna og Þorsteins. Á móti: Siggeir, Sigríður, Sólveig.

Siggeir fékk þrjú atkvæði Sólveigar, Sigríðar og Siggeirs. Á móti: Þorsteinn, Mirjam, Halldór, Árni.

Þorsteinn Ægir Egilsson telst því rétt kjörinn oddviti.

2. Kosning varaoddvita

Halldór gerði tillögu L-listans um Mirjam Blekkenhorst sem varaoddvita.

Siggeir gerði tillögu fyrir hönd U-listans um Sigríði sem varaoddvita.

Mirjam fékk fjögur atkvæði: Þorsteins Ægis, Mirjam, Halldórs og Árna Braga. Á móti: Siggeir, Sigríður, Sólveig.

LANGANESBYGGÐ



Sigríður fékk þrjú atkvæði: Siggeirs, Sigríðar og Sólveigar. Á móti: Þorsteinn, Árni, Halldór og Mirjam.

Mirjam telst því rétt kjörin varaoddviti.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:10.